



UPPREISN
UNGLIÐAHREYFING VIÐREISNAR

STEFNA UPPREISNAR

EFNISYFIRLIT

[Uppreisnarstefna](#)

[1 Efnahags-, viðskipta- og skattamál](#)

[Friáls samkeppni](#)

[Skattar](#)

[Gjaldmiðill](#)

[2 Atvinnumál](#)

[Leigubílar](#)

[Ungir atvinnurekendur](#)

[Landbúnaður](#)

[Sjávarútvegur](#)

[Ferðaþjónusta](#)

[3 Innanríkismál](#)

[Aðskilnaður ríkis og kirkju](#)

[Áfengi](#)

[Veðmálastarfsemi](#)

[Vímuvörur](#)

[Leikskóla- og dagvistun barna](#)

[Innflytjendur](#)

[Flóttafólk](#)

[4 Utanríkismál](#)

[Evrópusambandið](#)

[EES samningurinn](#)

[Uppreisn á alþjóðavísu](#)

[5 Mennta- og menningarmál](#)

[LÍN fyrir nemendur](#)

[Aðgengilegri sálfræðiþjónusta í skólum](#)

[Hinseginfræðsla](#)

[Hærrí fæðingarstyrkur námsfólks](#)

[Ríkisútlit](#)

[Hræðsla er ekki árangursrík fræðsla](#)

[6 Heilbrigðis- og velferðarmál](#)

[Dánaraðstoð](#)

[Fjölbreytt rekstrarform heilsugæslu](#)

[Tæknifrjógvanir](#)

[Meðferðarúrræði](#)

[Bætur](#)

[Bætt þjónusta fyrir börn í greiningarferli](#)

[7 Umhverfismál](#)

[Loftslagsbreytingar og mengun](#)

[Rannsóknir og nýsköpun](#)

[Samgöngur](#)

[Borgarlína](#)

[Húsnæðismál](#)

[8 Jafnréttismál](#)

Uppreisnarstefna

Uppreisn stendur fyrir frelsi, jafnrétti og opið samfélag. Samtökin eru svar ungs fólks við afturhaldi, sérhagsmunagæslu og einangrunarhyggju. Frjálslyndi og jafnræði helst í hendur og stuðlar þannig að réttlátu samfélagi sem hefur burði til að viðhalda samkeppnishæfum lífsgæðum og þátttöku í samstarfi þjóða. Uppreisn trúir því að ungt fólk eigi sæti skilið til jafns við alla aðra hópa þjóðfélagsins og berst því fyrir því að rödd þeirra heyrist og að mark verði tekið á henni.

1 Efnahags-, viðskipta- og skattamál

Frjáls samkeppni

Frjáls viðskipti er grunnstoð í frjálsu samfélagi. Leitast skal eftir því að einkaframtakið og hinn frjálsi markaður leysi áskoranir landsmanna. Samkeppni drífur nýsköpun og hagsæld og landsmönnum býðst bestu valmöguleikarnir þegar einkaaðilum er frjálst að keppast um viðskipti þeirra á gæði þjónustu eða verði. Atvinnugreinar ættu ekki að vera undanskildar samkeppnislögum, til þess að gæta sanngirni milli atvinnugreina. Hið opinbera ætti eingöngu að stíga inn þegar nauðsyn krefur. Hið opinbera skal lágmarka eignasafn sitt. Ríkið skal selja sinn hlut í fyrirtækjum sem ekki teljast til grunnþjónustu í opnu og gagnsæu ferli.

Skattar

Uppreisn vill lága skatta á landsmenn og atvinnulíf. Skattkerfið skal vera einfalt og sanngjarnt. Ekki ætti að hlunna völdum atvinnugreinum eða jafnvel stökum fyrirtækjum með skattaafsláttum. Á sama hátt ætti ekki að krefjast þess að sérstakar atvinnugreinar greiði umframskatta. Ávallt ætti að leitast eftir því að lágmarka þann hlut sem ríki og sveitarfélög innheimta af fólki og fyrirtækjum. Skattar eru forsenda þess að hið opinbera geti sinnt lögbundinni grunnþjónustu, en þeir draga líka úr nýsköpun, flækja rekstur fyrirtækja og letja atvinnuþátttöku landsmanna. Því ætti að fara varlega í alla skattlagningu.

Almenn neytendapjónusta ætti að vera í sama skattþrepi og þar á engin þjónusta að vera undanskilin. Slíkt jafnræði veitir ríkinu svigrúm til þess að lækka hærra virðisaukaskattþrepið. Sérstakur bankaskattur ætti einnig að vera lagður af enda bitnar hann mest á neytendum.

Gjaldmiðill

Taka skal upp annan gjaldmiðil á Íslandi í stað Íslenskrar krónu. Reynslan hefur sýnt okkur að fráleitt sé fyrir jafn fámennit ríki og Ísland að halda uppi sjálfstæðum gjaldmiðli, enda hafi það til lengri tíma litið neikvæðar afleiðingar í för með sér fyrir landsmenn. Upptaka Evru væri rökréttasti kosturinn samhliða aðild að Evrópusambandinu, enda ljóst að við eigum í lang mestum viðskiptum við þau ríki sem styðjast við þann gjaldmiðil.

2 Atvinnumál

Leigubílar

Uppreisn styður frjálsan markað leigubíla. Núverandi fyrirkomulag er úrelt og verndar nokkur starfsígildi á kostnað allra neytenda. Sérleyfin skapa skort á framboði á sama tíma og eftirspurn er gríðarleg og verðlag því óþarflega hátt og neytendum stafar hætta.

Sérleyfaleigubílar skulu verða teknir úr umferð, leigubílamarkaðurinn gerður frjálst án ónauðsynlegrar íhlutunar ríkisins og markaðinum treyst fyrir að sinna þjónustunni.

Ungir atvinnurekendur

Aldurstakmarkanir á stofnun fyrirtækja skal miða við fjárræðisaldur. Í núverandi lögum um stofnun ferðaþjónustufyrirtækja er m.a. skilyrði um að umsækjandi leyfis til reksturs ferðaskipuleggjanda og ferðaskrifstofu hafi „náð 20 ára aldri.“ Auðvitað er ekki sérstök ástæða fyrir aldurstakmörkun í ferðaþjónustu ef allar eðlilegar kröfur um rekstur eru uppfylltar. Því skal sú aðför að frelsi átján og nítján ára einstaklinga að vera felld úr gildi.

Landbúnaður

Landbúnaður er og hefur verið mikilvæg atvinnugrein, sér í lagi í dreifbýli. Tryggja þarf sjálfbærni, nýsköpun, fagmennsku og samkeppni í greininni. Uppreisn vill efla nýliðun í greininni, fjölbreytni og horfa til framtíðar með íslenskum landbúnaði.

Eins leggur Uppreisn til greiningar á vandamálum og hindrunum nýliðunar í bændastétt.

Uppreisn þorir að hafa landbúnað undir sömu samkeppnisskilyrðum og aðrar

atvinnugreinar. Að ekki þurfi að takmarka innflutning samkeppnisvöru á kostnað neytenda

þegar dæmin sanna að íslenskar afurðir eru af miklum gæðum og fyllilega samkeppnishæfar,

líkt og í tilfalli garðyrkjubænda. Landbúnaður ætti ekki að hljóta sérstaka styrki umfram aðrar starfsgreinar til að halda sér á floti nema til að styrkja sérstaklega skógrækt með styrkingu svæðisbundnu skógræktarstofnanna og landgræðslu í samstarfi við landgræðslu ríkisins og bændur.

Uppreisn vill gera bændum auðveldara að selja sínar afurðir með fjölbreyttari framleiðslu- og sölumöguleikum og skapa þannig samkeppni innan greinarinnar sem lýtur sömu samkeppnislögmálum og aðrar atvinnugreinar.

Uppreisn leggur mikla áherslu á skýra matvælastefnu til lengri tíma fyrir Ísland sem markvisst er unnið að.

Sjávarútvegur

Fiskurinn í sjónum er sameign allra landsmanna. Veiðigjöld eiga að vera afnotagjöld. Tryggja þarf sjálfbærni í sjávarútvegi og styðja við nýsköpun. Uppreisn vill fara markaðsleiðina í veiðigjöldum, að hluti kvótans fari á uppboð árlega og veiðigjöldin endurspegli þannig verðmætatam á fisknum í sjónum hverju sinni, háð rekstrarumhverfi sjávarútvegsfyrirtækja. Áfram eigi stofnanir eins og Hafrannsóknarstofa og Fiskistofa að hafa leiðandi hlutverk og þarf að tryggja þeim rekstrargrundvöll til að framfylgja sýnu hlutverki.

Ferðaþjónusta

Ferðaþjónusta er stærsta atvinnugrein landsins. Tryggja þarf uppbyggingu á helstu álagssvæðum, styrkja innviði á fjölförnum svæðum og láta stærri hluta þeirra verðmæta sem ferðaþjónustan skapar renna til baka til sveitarfélaga. Þannig má tryggja sjálfbærni í rekstri ferðaþjónustu og styðja við sveitarfélög sem hafa borið hitann og þungann af vexti greinarinnar. Uppreisn vill enn frekar ýta undir auglýsingu og markaðssetningu annarra

landsvæða s.s. Vestfjarða og Austurlands og dreifa álagi þannig. Samhliða styðja við verkefni sem miða að bættum samgöngum til annarra landshluta, t.a.m. með verkefnum á borð við skipuleg flug frá Hollandi til Akureyrar. Þannig mætti styrkja dreifbýlissvæði sem minna hafa notið góðs af fjölgun ferðamanna og dreifa álagi af fjölsóttustu stöðunum.

3 Innanríkismál

Aðskilnaður ríkis og kirkju

Slíta ber samstarfi íslenska ríkisins og þjóðkirkjunnar og íslenska ríkið hætti að úthluta ígildi sóknargjalda. Jafnframt að þjóðskrá og íslenska ríkið skipti sér að engu leyti að trúarlegum skoðunum íslenskra ríkisborgara og skráning trúarskoðana verði afnumin.

Áfengi

Uppreisn beitir sér fyrir frjálsri sölu áfengis á Íslandi. Það er ekkert sem bendir til þess að ríkið sé betur í stakk búið til að sinna smásölu hvers kyns neysluvöru en einkaaðilar. Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins ætti á sama tíma að hætta allri sölu áfengis en það yrði aldrei sannarlega frjáls samkeppni ef einn söluaðilinn væri ríkisvarinn.

Veðmálastarfsemi

Uppreisn vill að veðmálastarfsemi verði gefin frjáls og fjárhættuspil verði öll felld undir sama hatt í lögum.

Vímuvörur

Framleiðsla, neysla og sala á vímuvörum skal gerð lögleg. Um árabíl hefur forræðishyggja ríkisins aðeins valdið skaða og séð til þess að fé flæðir stöðugt til ofbeldis- og glæpamanna. Tími er kominn til að taka þau viðskipti úr höndum undirheima og upp á yfirborðið.

Leikskóla- og dagvistun barna

Leikskóla- og dagvistunarúrræði fyrir ung börn þarfnast verulegra úrbóta. Skortur á leikskólaplássi og/eða skortur á plássi frá dagforeldrum á ekki að vera hindrun á atvinnuþátttöku eða námsþátttöku foreldra sem og getur það reynst tekjulágum einstaklingum sérlega erfitt þegar ofangreind úrræði skortir. Ýmsum sértækum aðgerðum verður að beita en aðgerðir muni hvorki fjölga börnum á hvern leiðbeinanda/kennara né börnum á hvern fermetra af leikskólaplássi. Bilið milli fæðingarorlofs og dagvistunar verði brúað með samvinnu ríkis og sveitarfélaga. Fjölbreytt rekstrarform verði nýtt og ekki mismunað börnum eftir hvaða rekstrarform er valið.

Hækka skal laun leikskólastarfsmanna og dagforeldra. Starfsréttindi ættu að fást við B.Ed. gráðu en ekki Meistaragráðu líkt og krafan er í dag, þó ætti að vera hvati til að sækja slíkt meistaranám. Þá ætti að einfalda og skýra þær kröfur er varða dagforeldra og leikskólakennara að því marki að auka skilvirkni, minnka skrifræðið og auðvelda umsóknarferli til að laða að nýja dagforeldra og leikskólakennara. Meginmarkmið veittrar þjónustu ætti að vera að tryggja einstaklingum valfrelsi þegar kemur að vistun barna hjá leikskóla eða dagforeldrum og að tryggja öllum slíka þjónustu í seinasta lagi við 18 mánaða aldur barns.

Innflytjendur

Innflytjendur auðga íslenskt samfélag og ber okkur að taka þeim opnum örmum. Skilyrði fyrir dvalar- og atvinnuleyfum fyrir fólk utan EES skulu rýmkuð. Innflytjendur skipta miklu máli fyrir fjölbreytta menningu og aukinn hagvöxt. Þá ætti að vera áhersla á að aðstoða

innflytjendur að aðlagast íslensku samfélagi á eigin forsendum og auka frelsi og möguleika þeirra til að sækja sér menntun.

Stórbæta þarf fræðslu og vitund um eigin réttindi innflytjenda sem vinna hérlendis. Tryggja þarf að þeir fái greidd sambærileg laun og innlendir og hafi sömu réttindi. Þar með er einnig verið að verja samkeppnishæfni innlendra einstaklinga sem keppast um sömu störf. Þá þarf að styrkja verulega bæði regluverk og stofnanir sem framfylgja því að ekki sé til staðar ólöglegt vinnuafli, mansal eða annað athæfi sem brýtur á réttindum þessara hópa. Núverandi nálgun virðist ekki duga og því þarf að ráðast í endurskoðun á regluverki og skerpa á þessu hlutverki stofnana, t.a.m. Vinnumálastofnunar og Ríkisskattstjóra.

Flóttafólk

Ísland skal standa í öndvegi þegar að kemur móttöku flóttafólks, bæði í fjölda sem og þjónustu. Ísland er ríkt land sem hefur upplifað friðartíma í yfir 70 ár. Uppreisn vill að Ísland taki á móti fleiri flóttamönnum árlega en þegar hefur verið gert. Samhliða vill Uppreisn byggja upp þjónustu sem snýr að aðlögun flóttafólks inn í íslenskt samfélag, á eigin forsendum og bjóða upp á íslenskukennslu. Þessa þjónustu má samtvinna aukinni þjónustu fyrir innflytjendur.

4 Utanríkismál

Evrópusambandið

Það er sjálfsgöð krafa að skoða aukið samstarf við nágrannaþjóðir okkar og þá sem við eigum í góðum viðskiptum við. Full aðild að Evrópusambandinu er ein slík vegferð sem Uppreisn vill að könnuð verði til hlítar og aðild borin undir þjóðina, enda um ríka hagsmuni að ræða fyrir alla þjóðfélagshópa, ekki síst ungt fólk.

EES samningurinn

Standa ber vörð um samning Íslands við Evrópska Efnahagssvæðið, enda um ómetanlega hagsmuni að ræða fyrir ungt fólk hér á landi. Tryggjum að Ísland standi við skuldbindingar sínar og að afturhaldssöm sjónarmið nái ekki að hafa áhrif á hann.

Uppreisn á alþjóðavísu

Uppreisn beitir sér fyrir mannréttindum, frelsi og jafnréttismálum á alþjóðagrundvelli. Með aukinni þátttöku félagsins í alþjóðastörfum er mikilvægt að félagsmenn láti áherslur sínar heyrast sem víðast.

5 Mennta- og menningarmál

LÍN fyrir nemendur

Uppreisn ályktar að Viðreisn skuli vera leiðandi afl í baráttu fyrir bættum kjörum námsmanna. Námslán og stuðningur ríkisins skuli tryggja öllum tækifæri á að stunda nám óháð búsetu og efnahag. Meginmarkmiðið sé að tryggja námsmönnum eðlilega framfærslu miðað við framfærslumarkmið Velferðarráðuneytisins á ásættanlegum kjörum.

Þess vegna er lagt til að flokkurinn beiti sér fyrir breytingum á styrkveitingu Lánasjóðs Íslenskra Námsmanna (LÍN) og sömuleiðis á útlánareglum sjóðsins.

Uppreisn vill beita sér fyrir að hluti námsláns sé greiddur í formi styrkja og möguleiki sé á að sækja um útgreiðslu lána fyrirfram. Samhliða því þarf að hækka lánsfjárhæðir og frítekjumark námsmanna og hætta skerðingum námslána vegna húsaleigubóta. Þá vill Uppreisn að styrkur og lán til námsmanna fylgi þróun launavísitölu. Uppreisn beitir sér fyrir því að námsmenn fái desemberuppbót. Flóttafólk sem hefur hlotið dvalarleyfi mun geta fengið námsaðstoð hjá LÍN líkt og aðrir.

Afborganir á námslánnum skulu vera frádráttarbærar tekjuskatti. Slíkt hvetur til hraðari niðurgreiðslu og leysir ákveðin vandamál LÍN, þá verður einnig hagkvæmara að starfa á Íslandi að námi loknu.

Aðgengilegri sálfræðiþjónusta í skólum

Að undanförunu hefur átt sér stað tímabær og þörf vitundarvakning í samfélaginu um geðheilbrigðismál. Samhliða því hefur krafan um aukið aðgengi að sálfræðiþjónustu vaxið. Þá er sérstaklega mikilvægt að efla sálfræðiþjónustu í háskólum landsins í ljósi þess að helsti

aldurshópur háskólanema, 18–25 ára, er í einna mestri hættu hvað geðræn vandamál varðar. Í þessum aldurshópi mælist um fimmti hver kvenmaður með þunglyndiseinkenni og algengasta dánarorsök ungra karlamanna á aldursbilinu 18-25 ára er sjálfsvíg. Þetta er hörmuleg afleiðing þess að stór hluti fólks á þessum aldri getur ekki leitað sér aðstoðar, fyrst og fremst vegna fjárskorts og vegna þess að geðheilbrigðis- og sálfræðiþjónusta þykir ekki nógu aðgengileg.

Uppreisn vill aðgengilegri sálfræðiþjónustu og þá sérstaklega að efla slíka þjónustu innan háskólastigs, þar sem fólk geti leitað sér aðstoðar í nærumhverfi sínu. Þá verður sérstaklega lagt til að stöðugildum sálfræðinga skuli fjölgað innan opinberra háskóla. Þar hafi nemendur greiðan aðgang að eins fullnægjandi þjónustu og unnt er að veita hverju sinni. Auk þessa leiti stjórnvöld leiða til að efla sálfræðiþjónustu í öðrum háskólum en opinberum.

Lagt er til að sálfræðingar verði settir í skóla á landinu sem bjóða upp á einkaviðtöl, námskeið og eflingu nemenda um hinu ýmsu mál sem hrjá þau í lífinu. Tölur frá Sálfræðifélagi Íslands í samstarfi með framhaldsskólum hefur sýnt að það sé mikil þörf á slíkri þjónustu ekki bara á framhaldsskólastiginu heldur einnig á grunnskólastiginu og háskólastiginu.

Hinseginfræðsla

Tryggja þarf hinseginfræðslu í námskrá allra íslenskra grunn- og framhaldsskóla. Jafnframt þurfi að tryggja hinseginfræðslu í kennaranámi. Mennta- og menningarmálaráðherra beri ábyrgð á því að skilgreina og samræma hinseginfræðslu og muni hafa eftirlit með framfylgd fræðslunnar.

Hærri fæðingarstyrkur námsfólks

Íslendingar hafa víðtækt og gott aðgengi að menntun hér á landi og því er það staðreynd að stór hluti þjóðarinnar er við nám á einhverjum tímapunkti í lífi sínu, jafnvel í mörg ár eftir tvítugt. Að ganga með og eiga barn ásamt því að vera í námi er áskorun sem ríki og sveitafélög hafa hingað til ekki stutt nægilega vel við.

Í dag er staðan sú að námsmenn þurfa að hafa verið í 75% eða meira námi í að minnsta kosti 6 mánuði af 12 fyrir settan fæðingardag barnsins til að eiga rétt á fæðingarstyrk upp á hámark 171.000 krónur á mánuði. Til samanburðar sé það um 60.000 kr. lægri upphæð en fæðingarstyrkur þeirra sem eru á lágmarkslaunum á vinnumarkaði.

Uppreisn ályktar svo að 171.000 krónur á mánuði dugi ekki fyrir húsaleigu og helstu nauðsynjum á borð við mat og því sé brýnt að bæta úr þessum málum. Húsaleiga Stúdentagarðanna miðast gjarnan við hátt í 110.000 krónur á mánuði og því augljóst að erfitt kann að vera að ná endum saman við þessi kjör.

Uppreisn ályktar jafnframt að rýmka eigi reglurnar um námskröfur verðandi foreldra, þá sérstaklega mæðra, enda geti meðgöngur tekið misjafnan toll af heilsu þeirra og það geti bitnað á því námshlutfalli sem viðkomandi treysti sér að skrá sig í. Ekki eigi að refsast verðandi mæðrum fyrir að hlúa að eigin heilsu og heilsu ófædds barns á þeim viðkvæma tíma sem meðganga er.

Tillögur:

Hækka skal fæðingarstyrk námsmanna úr 171.000 krónum að hámarki upp í 240.000 krónur á einstakling fyrir þör og 380.000 krónur á einstakling fyrir einstætt foreldri. Sbr. við

neysluviðmið einstaklings með barn, sem er ekki í leikskóla eða dagvistun er 282.442 á mánuði án húsnæðiskostnaðar, skv. neysluviðmiðum velferðarráðuneytisins.

Lækka skal kröfu um námsprósentu einstaklingsins sem gengur með barnið niður í 40% enda sé það bæði móður og barni í hag. Allir einstaklingar sem uppfylla þau skilyrði eiga rétt á fullum styrk.

Námsmenn sem eru að ljúka námi og eru þar af leiðandi ef til vill ekki skráðir í margar einingar skulu fá fæðingarstyrk hafi foreldrið sem gengur með barnið verið þreytt a.m.k. 40% eininga fulls náms í 6 mánuði af síðustu 18 mánuðum fyrir settan fæðingardag og foreldrið sem gengur ekki með barnið a.m.k. 75% eininga fulls náms á sama tímabili. Gildir þetta einungis um þá einstaklinga sem eru að ljúka námi.

Ríkisútlit

Taka skal RÚV af auglýsingamarkaði og gera fjölmiðlamarkaðinn að fýsilegri valkost og fjölbreytni á fjölmiðlamarkaði meiri.

Hræðsla er ekki árangursrík fræðsla

Rannsóknir síðustu ára hafa stutt þá kenningu að hræðsluáróður skili sér ekki til ungmenna sem sýna merki um áhættuhegðun eða eru farin að horfa jákvæðum augum á heim vímuefna. Forvarnarstefna ríkis og sveitarfélaga ætti að byggja á jafningjafræðslu, lífsleikni og gagnvirkri þjálfun á færni barna til að standa á eigin fótum gagnvart óæskilegum þrýstingi. Tryggja þarf að ásættanlegum tíma í grunnskólum sé varið í slíkar forvarnir og að ekki sé litið framhjá verðmæti lífsleiknikennslu í stundaskrá.

Opinberir aðilar eiga með öllu að hætta að styðja við forvarnir sem byggja á hræðslu eða eingöngu reynslusögum óvirkra fíkla enda bendir ekkert til þess að þær skili tilskildum árangri.

Hið opinbera ætti að beita sér fyrir því að góðum forvarnarstefnum sé fylgt eftir og þær bættar þar sem þeim er ábótavant. Aldrei á að taka ákvarðanir sem varða forvarnarstefnu framtíðar án samráðs við sérfræðinga og sérhagsmunir mega aldrei ráða för.

6 Heilbrigðis- og velferðarmál

Markmið með heilbrigðisþjónustu ætti að vera að tryggja öllum jafnan aðgang að heilbrigðisþjónustu, að nýta fjölbreytt rekstrarform til að ná fram mestri hagkvæmni í þjónustu og bæta stefnumótun með skýrari verkskiptingu innan heilbrigðiskerfisins. Þá ætti að leitast við að stytta biðlista eftir fremsta megni og hafa fleiri valmöguleika fyrir notendur þjónustunnar t.d. með fjölbreyttara rekstrarformi. Koma þarf á stefnubreytingum innan velferðarkerfisins sem miðast við að gera einstaklingum kleift á að vinna að því marki sem þeir treysta sér til án þess að til komi veruleg skerðing bóta.

Dánaraðstoð

Dánaraðstoð er mannúðlegur valkostur fyrir þau sem kjósa að mæta örlögum sínum með reisu. Vinna þarf að löggjöf um að við vissar, vel skilgreindar aðstæður og að uppfylltum ströngum skilyrðum verði sá valkostur í boði. Sá valkostur byggir á virðingu fyrir rétti sjúklingsins á eigin lífi og líkama, dregur úr líkum á misnotkun og gefur lagalegan og skýran ramma utan um hvernig skal bregðast við óski sjúklings eftir dánaraðstoð þegar engin önnur úrræði eru í boði.

Fjölbreytt rekstrarform heilsugæslu

Uppreisn ályktar að hlúð skuli að fjölbreyttu rekstrarformi í heilbrigðiskerfinu. Frjáls félagasamtök á borð við SÁÁ og Rauða krossinn sýna kosti þess að láta aðra en hið opinbera sinna þjónustu fyrir þess hönd. Þá getur einkarekstur heilsugæslu og tiltekinna stærri læknisverka, að ýmsum skilyrðum uppfylltum, verið hagfelld fyrir sjúklinga, starfsfólk og ríkið. Draga skal lærdóm af reynslu nágrannaríkjanna um það hvar einkarekstur á við og hvar

ekki. Ávallt skal hafa það til hliðsjónar að heilbrigðiskerfi hér á landi verði að vera skilvirkt, vel rekið og aðgengilegt öllum óháð búsetu eða fjárhagsstöðu.

Horfið skal frá því að álíta að eingöngu aukin fjárframlög bæti þjónustu sjálfkrafa. Þess í stað skal ráðist í betri stefnumörkun í heilbrigðiskerfinu, þar sem litið skal sérstaklega til verkaskiptingar milli allra stofnana í kerfinu og réttindi sjúklinga verði skýrð.

Tæknifrjógvanir

Uppreisn þykir eðlilegt að heilbrigðisyfirvöld komi til móts við einstaklinga sem glíma við ófrjósemisvanda og sjúkratryggingar niðurgreiði tæknifrjógvanir í auknum mæli. Um er að ræða kostnaðarsamar aðgerðir sem eru að litlum hluta niðurgreiddar í dag. Um er að ræða mikið jafnréttis- og réttlætismál.

Meðferðarúrræði

Uppreisn vill að heilbrigðiskerfið bjóði í auknum mæli upp á skaðaminnkandi nálgun. Fíkn er skilgreind sem sjúkdómur og ætti því að veita meðferðarmöguleika líkt og um aðra sjúkdóma væri að ræða. Áhersla ætti að vera á skaðaminnkandi nálgun um allt land með stofnun meðferðarkjarna. Meðferðarkjarnar yrðu mannaðir heilbrigðisstarfsfólki, meðferð þar væri háð tilvísunum og þar væri boðið upp á einskonar viðhaldsmeðferð. Viðhaldsmeðferð fæli í sér að gefa sjúklingunum hrein lyf sem varna fráhvörfum. Þar gæti fólk sem notar vímuefni neytt hreinna lyfja gefið af fagfólki og undir eftirliti heilbrigðisstarfsfólks. Sú þjónusta ætti einnig að hvetja statt og stöðugt til frekari meðferðar við vímuefnanotkun og bjóða upp á viðtöl þess efnis og samhliða veita samfellda þjónustu að formfastara meðferðarúrræði fyrir sjúklingana.

Bætur

Foreldrar með fötluð eða langveik börn eiga að geta tekið hlutastarf og fengið hluta af bótum, fyrirkomulagið í dag er allt eða ekkert. Ellilífeyrisþegum sé gert fært að starfa lengur án íþyngjandi laga sem hamla þeim aðgengi að frekara hlutastarfi. Einnig vill Uppreisn afnema krónu á móti krónu skerðingu hjá örorkuþegum og gera þeim þannig færi á að sækja sér vinnu og hafa af því fjárhagslegan ávinning.

Bætt þjónusta fyrir börn í greiningarferli

Uppreisn krefst þess að leitað verði lausna til að bæta þjónustu þroska- og hegðunarmiðstöðvar þegar börn fara í greiningarferli og finna leiðir til að gera hana skilvirkari. Núverandi kerfi er alltof svifaseint og bitnar það á velferð barnana. Mikilvægt er að tryggja snemmtæka íhlutun og einstaklingsmiðaða nálgun.

7 Umhverfismál

Loftslagsbreytingar og mengun

Loftslagsbreytingar af mannavöldum er vísindaleg staðreynd og ber Íslandi að vera leiðandi afl í baráttunni við þær. Efla þarf fræðslu og forvarnir á sviði umhverfismála á öllum skólastigum sem og á vinnumarkaði, með það að markmiði að fólk verði meðvitaðra um eðli og afleiðingar loftslagsbreytinga og mismunandi leiðir til að sporna gegn þeim.

Hið opinbera þarf að beita sér í meiri mæli gegn tveim stærstu áhrifaþáttunum, útblæstri CO₂ og plastmengun, hvort sem er með lagasetningu, sértækum eða almennum aðgerðum s.s. grænum sköttum, banni við nýskráningu bensín- og díselbíla árið 2030, aðgerðum sem stuðla að orkuskiptum í samgöngum og aðgerðum til að minnka notkun á einnota plastumbúðum og -áhöldum. Þá er gríðarlega mikilvægt að efla skógrækt, græða upp örfoka land og stuðla af krafti að endurheimt votlendis.

Rannsóknir og nýsköpun

Efla þarf rannsóknir um stöðu Íslands í umhverfismálum. Sérstaklega þarf að rannsaka þær hættur sem steðja að fiskistofnum vegna hlýnunar og súrnunar sjávar og mögulegar hættur við þessa mikilvægu atvinnugrein og fæðuöryggi landsins þar sem við reiðum okkur að mörgu leiti á innflutning.

Skoða þarf nánar möguleika á öðrum grænum orkugjöfum en vantsafli og jarðvarma, s.s. vindorku og sólarorku, sem kunna að vera vannýttir hér á landi. Þörf er á að kann leiðir til að auka innlenda matvælaframleiðslu með nýtingu jarðvarma og annara endurnýjanlegra orkugjafa til að auka fæðuöryggi.

Samgöngur

Efla þarf almenningsamgöngur, halda áfram uppbyggingu göngu- og hjólastíga og draga úr notkun einkabílsins. Orkuskipti í samgöngum eru gríðarlega mikilvæg, og huga þarf að fjölbreyttum grænum orkugjöfum. Dæmi um þetta væri að ekki ætti eingöngu að einblína á rafmagnsbíla heldur þarf að huga að öðrum möguleikum, s.s. vetni. Uppbygging göngu- og hjólastíga, ofan á það að gera umhverfisvænum samgöngum hátt undir höfði, hvetur til hreyfingar, hefur góð áhrif á lýðheilsu og gefur fólki kost á að draga úr útgjöldum með bíllausum lífstíl.

Borgarlína

Uppreisn styður við uppbyggingu á Borgarlínu. Almenningsamgöngur eru algengur og umhverfisvænn ferðamáti ungs fólks og ber að gæta hagsmuna þeirra með því að vinna markvisst að eflingu fjölbreyttra valkosta á borð við strætisvagna og Borgarlínu.

Húsnæðismál

Eitt mesta hagsmunamál ungs fólks er að liðka fyrir húsnæðismarkaðinum. Meginástæðan fyrir erfiðleikum á markaðinum er skortur á húsnæði fyrir ungt fólk og aðra tekjulága hópa. Því skal leggja aukna áherslu á byggingu slíkra íbúða á þéttingarreitum með góðum samgöngukostum til hliðsjónar.

8 Jafnréttismál

Uppreisn berst fyrir því að jafnréttismál séu í hávegum höfð og að öll stefnumál hreyfingarinnar séu unnin með jafnréttissjónarmið að leiðarljósi. Stöðugt sé leitað við að auka jafnrétti í samfélaginu. Ríkið þarf að tryggja jafnrétti, fjölbreytni og frelsi allra einstaklinga. Uppreisn vill að hefðbundin kvennastörf séu metin að sömu verðleikum og störf hefðbundinna karlastétta. Tryggja þarf jafnan atkvæðarétt landsmanna eftir búsetu.

Mikilvægt að rekið sé menntakerfi sem tryggir aðgengi allra að menntun óháð félagslegum bakgrunni, kynþætti, kynhneigð, kynvitund, kyntjáningu, fötlun, trúar, búsetu eða stöðu að öðru leyti.

Íslenska ríkið á að stefna að því að vera á meðal fremstu þjóða í málefnum hinseginfólks. Við höfum dregist aftur úr til dæmis á Regnbogakorti ILGA, við því þarf að bregðast. Tryggja þarf lagaleg réttindi hinsegin fólks og kynrænt sjálfræði einstaklinga og liðka fyrir nafnabreytingum í þjóðskrá.

Tryggja þarf fjármagn til sveitarfélaga til þess að tryggja möguleika einstaklinga á nýlögfestri NPA þjónustu. Frelsi fólks yfir eigin lífi á að vera í hávegum haft.

Afnema á skatt af tíðarvörum.



UPPREISN
UNGLIÐAHREYFING VIÐREISNAR

Uppreisn Policy Book

Table of Contents

Uppreign Manifesto	3
Economy, Business and Taxes	4
Free Competition and Trade	4
Taxes	4
Currency	5
Employment	6
Free Market for Cab Services	6
Young Entrepreneurs	6
Agriculture	6
Fisheries	7
Tourism	7
Domestic Affairs	9
Separation of Church and State	9
Privatising the Retail Sale of Alcohol	9
Legalisation of Gambling	9
Drug Policy	9
Preschool and Infant Daycare	10
Immigration	11
Refugees	11
Foreign Affairs	12
The European Union	12
The EEA-Agreement	12
Uppreign in Foreign Affairs	12
Education and Culture	13
A Student Loan System that Works for Students	13

Uppreign Policy Book
Spring 2019

More Accessible Psychiatric Services in Universities	14
LGBTQ+ Education	14
Higher Parental Grants for Students	15
Government Broadcasting Service	16
Education rather than fear mongering	16
Health and Welfare	17
Euthanasia	17
Diverse Forms of Enterprise in Healthcare	17
In Vitro Fertilisation and Artificial Insemination	18
Addiction and rehabilitation	18
Social Benefits and Compensation	18
Better service for children in the diagnostic process	18
Environment	19
Climate Change and Pollution	19
Research and Innovation	19
Transportation	20
Support for an RBT system in the Capital area	20
Housing	20
Equal rights	21

Uppreish Manifesto

Uppreish stands for freedom, equal rights and an open society. The organization is against any form of conservatism, isolationism and the protection of special interests over public interests. We believe that liberalism and equal rights are partners and that both are needed to build a just society able to provide and maintain a good quality of life. Uppreish believes that young people deserve a seat at the table just like any other social group, and thus fights for young people's voices to be heard.

Economy, Business and Taxes

Free Competition and Trade

Free trade is a pillar of a free society. Private initiatives and the free market must be allowed to solve the challenges of the populations. Competition and free trade drive innovation and prosperity, thus people are offered the best possible outcomes when private parties are free to compete for products and services. Certain industries should not be exempt from free competition, in order to maintain fairness between all industries. The public sector should only step in when necessary and minimize its presence. The state should sell its stake in companies that are not considered basic services in an open and transparent process.

Taxes

